




ÁHERSLUVERKEFNI


NORÐURLAND VESTRA 2022 - 2023


Tillögur staðfestar af Stýrihópi
Stjórnarráðsins um byggðamál
21. mars 2022




Heiti verkefnisins	Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra - 202001
Númer verkefnis	202001
Markmið	Efling fjárfestinga á Norðurlandi vestra og fjölgun starfa.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið lýtur að því að fjölga stærri atvinnuskapandi verkefnum á Norðurlandi vestra. Starfandi er hjá SSNV verkefnisstjóri fjárfestinga sem hefur það hlutverk að vinna að því að laða fjárfestingar inn í landshlutann með það fyrir augum að fjölga atvinnutækifærum og auka fjölbreytni starfa. Verkefnisstjórinn vinnur að mörkun og markaðssetningu landshlutans, sókn tækifæra, stuðningi við áhugasama fjárfesta, útfærslu hugmynda að verkefnum o.s.frv. Verkefnið kostar starf verkefnisstjóra sem og annan þann kostnað sem til fellur vegna starfa hans, svo sem ráðgjöf, markaðssetningu, ferðir á fagsýningar erlendis o.s.frv. Sveitarfélög á starfssvæði SSNV styðja verkefnið myndarlega til viðbótar við fjármagn úr sóknaráætlun.
Málaflokkur	Atvinnuþróun og byggðamál – innviðaráðuneyti Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti Umhverfis- og loftslagsmál – Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið, sveitarfélögin á starfssvæðinu, fyrirtæki á starfssvæðinu, Íslandsstofa, Landsvirkjun, Landsnet og fleiri stofnanir.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er að fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, s.s. í ferðaþjónustu, nýsköpun, vöruþróun, landbúnaði og sjávarútvegi. Verkefnið samræmist þessari áherslu og er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem miða að fjölgun sprotafyrirtækja, fjölgun atvinnutækifæra, hækkunar meðallauna sem og fjölgunar íbúa.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi nýrra fjárfestinga í atvinnuuppbyggingu í landshlutanum með beinni aðkomu verkefnisstjóra og annarra starfsmanna samtakanna.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins er fyrst og fremst fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifæri ef verkefnið gengur að óskum.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2020 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við byggðaáætlun 2018-2024 m.a. þar sem segir í kaflanum um framtíðarsýn og viðfangsefni: <i>Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.</i>

Heiti verkefnisins	Matvælasvæðið Norðurland vestra - 202002
Númer verkefnis	202002
Markmið	Að stuðla að aukinni fullvinnslu afurða á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Áfram verður haldið að auka þekkingu bænda á heimavinnslu afurða, vöruþróun, markaðssetningu og sölu afurða með námskeiðum og annars konar aðstoð við framangreinda þætti. Sérstök áhersla á aðstoð við sölu, t.d. með aðgengi að sölubíl og heimasíðu Vörusmiðjunnar á Skagaströnd.
Málaflokkur	Atvinnuþróun og byggðamál – innviðaráðuneyti Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti Matvælaframleiðsla - matvælaráðuneyti
Framkvæmdaaðili	SSNV, Farskóli Norðurlands vestra, Vörusmiðjan Skagaströnd.
Samstarfsaðilar	Félög sauðfjárbænda á Norðurlandi vestra, Matarauður Íslands.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er fullvinnsla afurða. Einnig er þar lögð áhersla á að fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, þ.m.t. landbúnaði og sjávarútvegi. Verkefnið samræmist þessari áherslu og er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem miða að fjölgun sprotafyrirtækja, fjölgun atvinnutækifæra, hækkunar meðallauna sem og fjölgunar íbúa.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi þátttakenda á þeim námskeiðum sem boðið er upp á. Fjöldi þeirra býla sem hefur framleiðslu á vörum úr eigin hráefni. Aukin sala á afurðum beint frá býli. Aukin sala á vörum í sölubíl og heimasíðu Vörusmiðjunnar.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Samantekt um verkefnið í skýrsluformi. Ávinningur samfélagsins felst í aukinni verðmætasköpun með fullvinnslu afurða og bætt aðgengi að vörum framleiddum í héraði. Styrkir jafnframt stöðu landbúnaðar á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2022
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við Byggðaáætlun 2018-2024. Í kafla 2 um markmið, áherslur og mælikvarða þar sem segir m.a. að markmið stjórnvalda séu <i>að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land</i> . Einnig í sama kafla (lið B.k.) þar sem segir: <i>Stuðlað verði að aukinni fullvinnslu afurða í héraði</i> . Einnig eru sterk tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf. M.a. með áherslu á <i>fæðuöryggi með eflingu innlendrar landbúnaðarframleiðslu</i> . Einnig þar sem segir að <i>ýta þurfi undir framtak og frumkvæði bænda með fræðslu, ráðgjöf, þróun og nýsköpun</i> .

Heiti verkefnisins	Aukin nýsköpun í kennslu – Fab Lab 202004
Númer verkefnis	202004
Markmið	Að stuðla að aukinni nýsköpun í kennslu.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Unnið verði með grunnskólum á starfssvæði samtakanna að því að auka nýtingu á Fab Lab aðstöðu á Sauðárkróki með það fyrir augum að auka nýsköpun í kennslu og bæta færni nemenda í nýtingu stafrænnar tækni.
Málaflokkur	Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti Menntamál – mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.
Framkvæmdaaðili	Hátæknisetur Íslands ses.
Samstarfsaðilar	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, grunnskólar á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu landshlutans í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun segir: <i>Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins. Með því að auka færni nemenda í nýtingu stafrænna leiða er unnið í takt við þá stefnu. Verkefnið tengist jafnframt beint stefnu málaflokksins Menntamál og lýðfræðileg þróun þar sem segir: <i>Stunduð verði markviss skólaþróun á öllum skólastigum og nýting upplýsingatækni í skólastarfi verði öðrum til fyrirmýndar.</i></i>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Aukin nýting grunnskóla á starfssvæðinu á Fab Lab aðstöðu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni stafrænni færni nemenda grunnskóla á starfssvæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við nýsköpunarstefnu Íslands þar sem segir í kaflanum um umgjörð: <i>Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum („Fab-labs“) og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur. Einnig rík tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf með áherslu um að nýta tæknibreytingar til að auka lífsgæði. Einkum þar sem segir að <i>brýnt sé að auka stafræna færni fólks og miklu skiptir að menntakerfið efli nýsköpunarhugsun.</i></i>


Heiti verkefnisins	Barnamenningarhátíð - 202007
Númer verkefnis	202007
Markmið	Að styrkja og efla barnamenningu á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Framhald verkefnis frá árinu 2020 um skipulag og framkvæmd barnamenningarhátíðar á Norðurlandi vestra. Verkefnisstjórn var ráðin 2020 og til stóð að halda hátíðina 2021. Úr því varð ekki vegna heimsfaraldurs. Hátíðin verður haldin í maí 2022. Framlag á árinu 2023 er ætlað til að hefja skipulag næstu hátíðar.
Málaflokkur	Menning – menningar- og viðskiptaráðuneytið Málefni barna – mennta- og barnamálaráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNV, verkefnisstjórn.
Samstarfsaðilar	Menningarfélög á starfssvæðinu, grunnskólar, tónlistarskólar, söfn og setur á starfssvæðinu, opinberir aðilar sem hafa með menningu barna að gera sem og önnur landshlutasamtök sem reynslu hafa af sambærilegum verkefnum.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu um málaflokkinn Menningarmál í Sóknaráætlun Norðurlands vestra er lögð áhersla á öflugt menningar- og listalíf og að það styðji við íbúðarþróun á svæðinu. Megináherslur sama málaflokks kveða á um að viðburðir og hátíðir skuli eflar, menningararf svæðisins skuli kynna betur sem og að hvetja eigi til aukinnar sköpunar í tónlist, sviðslistum og kvikmyndum. Barnamenning er hluti af þessum áherslum.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Hátíðin verði haldin.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Verkefnisstjórn vinnur samantekt um verkefnið að hátíð lokinni sem verður svo nýtt til að taka ákvörðun um framtíð verkefnisins. Ávinningur samfélagsins felst í bættu aðgengi að menningu, auknu framboði afþreyingar auk aukins sýnileika menningar og lista í landshlutanum.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í Menningarstefnu Íslands er hvatt til <i>virkrar þátttöku barna á þeirra forsendum í menningu og listum</i> . Einnig er þar fjallað um mikilvægi þess að <i>börn og ungmenni séu virkjuð sem þátttakendur í menningarlífi</i> .


Heiti verkefnisins	Skrifstofusetur - 202009
Númer verkefnis	202009
Markmið	Að styðja við stofnun skrifstofu-/frumkvöðlasetra (e. Coworking Space) á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Áfram verður haldið við að byggja upp skrifstofu- og/eða frumkvöðlasetur á Norðurlandi vestra. Þegar hefur verið opnað skrifstofusetur á Hvammstanga og áform uppi um að opna slík setur á Blönduósi, Skagaströnd, Skagafirði og Hofsósi. Farið verður í að finna hentuga aðstöðu, fá rekstrar- og stuðningsaðila að verkefninu og styðja við uppsetningu setranna.
Málaflokkur	Atvinnu- og byggðamál – innviðaráðuneytið Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNV, rekstraraðili/-aðilar.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög, atvinnulífið á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu landshlutans í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun segir: Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins. Góð aðstaða sem hentar störfum án staðsetningar getur vel orðið til þess fallin að laða menntað og hæft fólk í fjölbreytt störf inn á svæðið. Þannig getur verkefnið einnig orðið til þess að markmið um fjölgun atvinnutækifæra náist, meðallaun hækki sem og hlutfall íbúa með menntun umfram háskólapróf. Einnig má vera að verkefnið geti stuðlað að fjölgun íbúa. Eitt markmiða áætlunarinnar í kaflanum um frumkvöðlastarf er að fjölga sprotafyrirtækjum og efla þau sem fyrir eru. Ein aðgerðanna sem gerð er tillaga að er fjölgun skrifstofuhótela og fjarvinnurýma.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Skrifstofusetur verði opnuð í 4 þéttbýlisstöðum á starfssvæðinu til viðbótar.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Starfsemi skrifstofusetra mun verða gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagin á Norðurlandi vestra, bæði til þess að þau geti verið í stakk búin til að taka á móti störfum án staðsetningar en einnig að skapa aðstöðu til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við verkefnismarkmið Byggðaáætlunar 2018-2024 þar sem segir í kafla um tækifæri til atvinnu (2.B.): <i>Opinberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar. Og: Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.</i> Til að þessi markmið megi ná fram að ganga verður að vera til staðar aðstaða fyrir störf. Er verkefninu ætlað að tryggja það. Í stefnu um nýsköpun, Nýsköpunarlandið Ísland, er talað um að nýsköpun sé ekki <i>lúxus heldur nauðsyn</i> . Til að hægt sé að mæta þeirri nauðsyn er brýnt að byggt sé upp sterkt stoðkerfi nýsköpunar í landshlutunum og er aðgengi frumkvöðla að vinnuaðstöðu og ráðgjöf

mikilvægur þáttur í því. Því er styrktur einn hlekkur í nýsköpunarkeðjunni í landshlutanum. Einnig kemur fram í nýsköpunarstefnu að stuðningsumhverfi nýsköpunar þurfi *ætið að vera samkeppnishæft við það sem best gerist í heiminum*. Góð aðstaða á heimsmaelikvarða sem verkefninu er ætlað að byggja upp samræmist þessari áherslu.



Frá opnun Útibúsins, skrifstofuseturs, á Hvammstanga í júní 2021.


Heiti verkefnisins	Stuðningsátak í ferðapjónustu - 202201
Númer verkefnis	202201
Markmið	Að styðja við endurreisn ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra í kjölfar heimsfaraldurs.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefninu er ætlað að svara kalli frá svæðinu um að sérstaða þess, bæði sem einstök svæði/sveitarfélög og svo Norðurland vestra sem heild, verði skilgreind betur og mörkun þess (einnig sem hluti af Norðurlandi) mótuð til þess að einfaldara sé að setja fram „réttu skilaboðin“ í markaðslegum tilgangi jafnt innan lands sem utan.
Málaflokkur	Ferða- og menningarmál – menningar- og viðskiptaráðuneytið. Atvinnu- og byggðamál – innviðaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	SSNV, ráðgjafi/ráðgjafar
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög, Markaðsstofa Norðurlands, ferðapjónustuaðilar í landshlutanum, Háskólinn á Hólum.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu landshlutans í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er áhersla lögð á að styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, þ.m.t. ferðapjónustu. Markmið í kaflanum um ferðapjónustu ná m.a. yfir fjölgun gistinátta, fjölgun ferðamanna utan háannar og að draga fram sérkenni svæðisins. Með áttakinu er leitast við að ná þeim markmiðum. Einnig er í áætluninni lögð áhersla á menningartengda ferðapjónustu, m.a. með fjölgun viðburða, betri tengingu ferðamanna við sögu svæðisins og uppbyggingu matarhátíða. Allt framangreint kallar á skýra stefnumörkun svo allir sem að greininni koma gangi í takt.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Til verði stefnumótunarskjal ferðapjónustu í landshlutanum öllum.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni samstöðu ferðapjónustuaðila og annarra hagaðila í landshlutanum sem og aukinni samvinnu um ferðamál á milli sveitarfélaganna á starfssvæðinu. Skýrari stefna í málaflokknum gerir markaðs- og kynningarstarf markvissara og árangursríkara og eykur slagkraft greinarinnar.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 - 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er lögð áhersla á að <i>ferðapjónusta fái tækifæri til uppbyggingar eftir áföll heimsfaraldursins</i> . Einnig er lögð áhersla á að atvinnugreinin sé <i>arðsöm og samkeppnishæf</i> . Jafnframt eru í sáttmálanum gefin fyrirheit um <i>stuðning við dreifingu ferðamanna um land allt, árið um kring</i> . Tengsl verkefnisins við framangreindar áherslur eru skýr.

Heiti verkefnisins	Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum - 202202
Númer verkefnis	202202
Markmið	Að styrkja sveitarfélögin á starfssvæðinu í að mæta kröfum sem á þau eru gerð m.t.t. loftslagsmála og innleiðingar heimsmarkmiða auk þess að byggja upp þekkingu á málaflokknum innan SSNV til framtíðar. Einnig er markmiðið að efla umhverfisvitund íbúa í landshlutanum til að auka árangur í málaflokknum í takt við markmið sóknaráætlunar landshlutans.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Kröfur til sveitarfélaga í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál sem og innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna eru sífellt að aukast. Kröfur þær koma bæði frá hinu opinbera en ekki síður frá íbúum með aukinni umhverfisvitund og knýjandi þörf fyrir aðgerðir. Ekki er til staðar nauðsynleg sérþekking hjá sveitarfélögum á starfssvæðinu til að sinna málaflokknum með markvissum hætti. Ráðinn verður verkefnisstjóri sem hefur það hlutverk að vinna með sveitarfélögum að því að uppfylla þær kröfur sem á þau eru gerð, svo sem loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun um innleiðingu heimsmarkmiða, hafa forystu um verkefni sem tengjast markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra í umhverfismálum, annast fræðslu til íbúa um umhverfis- og loftslagsmál sem og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og vinna að því að koma á samstarfsverkefnum með aðilum innan lands og utan tengdum málaflokknum.
Málaflokkur	Umhverfis- og loftslagsmál – umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Málefni sveitarfélaga – innviðaráðuneytið Málefni heimsmarkmiða - forsætisráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNV.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Norðurlandi vestra, önnur landshlutasamtök, ráðuneyti málaflokkanna þ.e. umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið og forsætisráðuneytið, Landsvirkjun, Landsnet, fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun	Í vinnu við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, sem fram fór á árinu 2019, kom aukin áhersla íbúa á umhverfismál berlega í ljós. Hefur málaflokkurinn nú sama vægi í áætluninni og atvinnu-, menningar-, og samfélagsmál. Í áætluninni er sett fram það markmið að landshlutinn verði til fyrirmyndar í umhverfismálum. Áhersla er á lækkan kolefnisspors, aukna fullvinnslu, nýtingu glatvarma, stuðning við skógrækt o.s.frv. Þessi atriði ásamt þörf á stuðningi við sveitarfélögin í umhverfismálum gera það að verkum að nauðsynlegt er að ráða aðila til samtakanna sem hefur sértæka þekkingu og reynslu af málaflokknum. Með því móti byggist upp þekking innan landshlutans sem og að starf sem kallar á sértæka menntun verður til. Er það í takt við markmið sóknaráætlunar um hækkað menntunarstig og fjölgun atvinnutækifæra fyrir fólk með sértæka menntun í landshlutanum.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Þær áætlanir sem krafa er gerð um að sveitarfélögin vinni verða settar fram fyrir landshlutann. Skilgreindur verður fjöldi námskeiða sem haldin eru um umhverfismál og þau haldin í samræmi við það. Aðsókn á námskeið mæld. Unnin verður samskiptaáætlun um miðlun upplýsinga


	um málaflokkinn og unnið í takt við hana. Greining á kolefnisspori unnin reglulega og árangur á milli greininga metinn. Haldið verður utan um aðra tölfræði er tengist málaflokknum og árangur metinn, svo sem sormagn, kolefnisspor, skráning grænna bifreiða o.s.frv.
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Áætlanir sveitarfélaganna, námskeið og upplýsingar sem miðlað verður um málaflokkinn verða meðal lokaferða verkefnisins. Ávinningur samfélagsins verður margháttaður og skilar sér í auknum árangri í umhverfismálum í samræmi við þá mælikvarða sem stjórnvöld setja.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Verkefnið hefur fjölmörg tengsl við opinberar áætlanir, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, byggðaáætlun og sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf. Í hinum síðastnefnda kemur fram að Ísland eigi að vera í fararbroddi í umhverfismálum. Til þess þarf að virkja sveitarfélögin í landinu í að sigrast á þeim stóru áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Verkefnið er liður í því mikilvæga verkefni.



Frá ráðstefnunni *Hvað eigum við að gera?* þar sem greining á kolefnisspori landshlutans var kynnt.

Heiti verkefnisins	Stuðningur við nýsköpun - 202203
Númer verkefnis	202203
Markmið	Að efla stuðning við nýsköpun í landshlutanum með fjölbreyttum viðburðum, samstarfi við aðila í stoðkerfinu innan svæðis og fjölbreyttum stuðningi.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar hefur hlutverk landshlutasamtaka í stuðningi við frumkvöðla á sínum svæðum orðið enn mikilvægara en áður. Þessum stuðningi fylgir kostnaður sem nauðsynlegt er að mæta. Má þar nefna kaup á ráðgjöf við uppsetningu viðskiptahraðla, þátttaka í samstarfi líkt og verkefni um Norðanátt sem nú stendur yfir, sem og þátttaka í viðburðum líkt og Nýsköpunarvikunni. Jafnframt er nú erfiðara fyrir frumkvöðla að sækja sér sérhæfða þjónustu við stærri styrkumsóknir vegna kostnaðar og mun hluti fjármagnsins verða nýttur til að aðstoða þá aðila við að mæta þeim kostnaði.
Málaflokkur	Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið Atvinnumál og byggðapróun – innviðaráðuneytið Menning – menningar- og viðskiptaráðuneytið Matvælaframleiðsla – matvælaráðuneytið Umhverfismál – umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Aðilar Norðanáttar: Eimur, Nýsköpun í norðri og SSNE. Önnur landshlutasamtök, aðrir aðilar í stoðkerfi nýsköpunar, sérhæfðir ráðgjafar, stofnanir, ráðuneyti o.fl.
Tengsl við sóknaráætlun	Mikil áhersla er á nýsköpun í Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Meðal annars er lögð áhersla á fjölgun sprotafyrirtækja og fjölgun atvinnutækifæra í landshlutanum. Nýsköpun tengist einnig öðrum málaflokkum áætlunarinnar, menningarmálum, umhverfismálum og ekki síður menntamálum og lýðfræðilegri þróun. Nýsköpun tengist einnig áherslu á fullvinnslu afurða sem og fjölgun vaxtarbrodda og styrkingu grunnstoða í atvinnulífi í hinum ýmsu atvinnugreinum. Einnig er lögð áhersla á nýsköpun og rannsóknir í samstarfi háskóla og atvinnulífs.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi viðburða, svo sem viðskiptahraðla og annarra sem nýtast aðilum í nýsköpun. Aukin aðsókn í atvinnuráðgjöf. Fjöldi aðila sem nýtir sér aðstoð við gerð stærri styrkumsókna. Það samstarf sem tekið er þátt í utan svæðis til að efla nýsköpun og tengslanet frumkvöðla. Fjöldi sprotafyrirtækja í landshlutanum.
Lokaðurð (hver verður lokaðurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ekki er hægt að benda á einhverja eina lokaðurð, nema ef vera skyldi öflugra nýsköpunarsamfélög í landshlutanum. Ávinningur samfélagsins verður ótvírætt aukin gróska, meira aðdráttarafi fyrir frumkvöðla og fjölbreyttari atvinnutækifæri.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs má sjá áherslu á aukna opinbera fjárfestingu í nýsköpun, jafnframt er fjallað um eflingu

grunnsjóða í rannsóknum og nýsköpun. Þar segir jafnframt: *Með nýsköpun og hvers konar hagnýtingu hugvits gerum við atvinnulífið fölbreyttara og fjölgum spennandi og verðmætum störfum.*




FYRIR KONUR Í FYRIRTÆKJAREKSTRI Á LANDSBYGGÐINNI
HÆFNIHRINGIR
 Á NETINU



RATSJÁIN


Nokkur verkefni sem SSNV átti frumkvæði eða samstarf um á árinu 2021. Öll hafa þau það markmið að efla nýsköpun með einum eða öðrum hætti.

Heiti verkefnisins	Erlend samstarfsverkefni - 202204
Númer verkefnis	202204
Markmið	Að tryggja öfluga þátttöku í yfirstandandi erlendum samstarfsverkefnum auk þess að leita leiða til þátttöku í fleiri slíkum verkefnum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	SSNV er nú þátttakandi í 4 erlendum samstarfsverkefnum. Einu þeirra er að ljúka, eitt er að hefjast og tvö eru brúarverkefni Norðurslóðaáætlunar. Þátttaka í verkefninu sem er að ljúka og var áhersluverkefni sl. 4 ár, hefur skilað miklum ávinningi inn á svæðið. Í verkefnum sem þessum er þörf á mótframlagi sem að mestu er í formi vinnu. Oft kemur til smávægilegur kostnaður, svo sem við ferðalög sem nauðsynlegt er að geta mætt til að verkefnið nýtist að fullu.
Málaflokkur	Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti Atvinnu- og byggðamál – innviðaráðuneyti Erlent samstarf – utanríkisráðuneyti Matvælaframleiðsla – matvælaráðuneytið Ferðaþjónusta – menningar- og viðskiptaráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Erlendir samstarfsaðilar í verkefnum, Íslenski ferðaklasinn.
Tengsl við sóknaráætlun	Eitt markmið sóknaráætlunar í kaflanum um menntamál- og lýðfræðilega þróun er að á tímabili áætlunarinnar komi a.m.k. 10 erlend samstarfsverkefni inn í landshlutann.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Að verkefni skil þeim árangri sem skilgreind eru í verkefnismarkmiðum í hvert og eitt skipti.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Afurðirnar eru mismunandi eftir eðli verkefnanna. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að stuðla að eflingu atvinnulífs í landshlutanum. 3 af þeim verkefnum sem nú eru í gangi beinast að ferðaþjónustunni. Það fjórða hefur jafnframt snertifleti við ferðaþjónustuna auk annarra atvinnugreina. Einnig byggist upp mikilvæg þekking innan SSNV að vinnu við erlend samstarfsverkefni.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Áherslur verkefnanna hafa víðtæk tengsl við ýmsar opinberar áætlanir. Meðal annars Nýsköpunarstefnu Íslands þar sem áhersla er lögð á að <i>alþjóðlegir markaðir standi íslensku efnahagslífi opnir</i> . Verkefnið Digi2Market er í takt við þá áherslu þar sem markmið þess er að auka möguleika þeirra sem staðsettir eru fjarri mörkuðum til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri. Í Byggðaáætlun er sömuleiðis lögð áhersla á stafræna þróun, t.d. í verkefnismarkmiði B.13. Stafrænt forskot á landsbyggðinni en Digi2Market styður vel við þá áherslu. GLOW, SUB og TOURBIT eru verkefni sem eru miðuð að því að auka styrk, arðsemi og seiglu ferðaþjónustunnar í landshlutanum. Er það í takt við áherslur sem settar eru fram í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um að <i>ferðaþjónusta fái tækifæri til uppbyggingar eftir áföll heimsfaraldursins</i> . Einnig er lögð áhersla á að atvinnugreinin sé <i>arðsöm og samkeppnishæf</i> . Jafnframt eru í sáttmálanum gefin fyrirheit um <i>stuðning við dreifingu</i>

ferðamanna um land allt, árið um kring. Þessi verkefni samræmast einnig vel stefnumótun ferðaþjónustunnar á Íslandi til ársins 2030 þar sem áhersla er m.a. lögð á arðsemi framfar fjölda ferðamanna, ávinning heimamanna um land allt og einstaka upplifun.



Frá einum fjölmargra verkefnafunda samstarfsverkefnisins Digi2Market sem haldnir voru í fjarfundi á meðan á heimsfaraldri stóð.

Heiti verkefnisins	Textíl Lab á Blönduósi – 202205
Númer verkefnis	202205
Markmið	Að styðja við uppsetningu og rekstur nýrrar stafrænnar smiðju Textílmíðstöðvarinnar á Blönduósi.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Unnið verði með smiðjunni að því að auka nýtingu á aðstöðunni með það fyrir augum að auka nýsköpun á svæðinu með tilliti til textíls og aukinnar fullvinnslu íslenskrar ullar. Um leið er stutt við stofnun Textílklassa á Norðurlandi vestra.
Málaflokkur	Nýsköpun – háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti Menntamál – mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. Landbúnaður - matvælaráðuneytið
Framkvæmdaaðili	Textílmíðstöð Íslands.
Samstarfsaðilar	SSNV, aðrar Fab-lab smiðjur, ullarframleiðendur, Ístex o.fl.
Tengsl við sóknaráætlun	Í sóknaráætlun er lögð áhersla á umhverfisvænan iðnað og í því samhengi nefndur stuðningur við nýsköpun í textílframleiðslu sem og aukna tækniþekkingu. Eitt markmiða áætlunarinnar er að í landshlutanum verði til miðstöð textílþekkingar og þróunar á Íslandi. Er verkefnið liður í þeirri vegferð. Í sóknaráætlun er jafnframt lögð áhersla á fullvinnslu afurða til aukins virðisauka í landshlutanum. Bætt og arðsamari nýting á ull heyrir þar undir.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Aukin nýting Textíl labs á Blönduósi. Tilurð Textílklassa á Norðurlandi vestra.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni stafrænni færni íbúa, fjölgun atvinnutækifæra og aukinni nýsköpun. Einnig aukinni verðmætasköpun með fullvinnslu afurða landbúnaðarins.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 – 31. desember 2023
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við nýsköpunarstefnu Íslands þar sem segir í kaflanum um umgjörð: <i>Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum („Fab-labs“) og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur.</i> Einnig rík tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf með áherslu um að nýta tæknibreytingar til að auka lífsgæði. Einkum þar sem segir að <i>brýnt sé að auka stafræna færni fólks og miklu skiptir að menntakerfið efli nýsköpunarhugsun.</i> Einnig tengsl við landbúnaðarstefnuna Ræktum Ísland þar sem fram kemur áhersla á aukna <i>fullvinnslu afurða.</i>

Heiti verkefnisins	Fjölmeningarkaffi - 202206
Númer verkefnis	202206
Markmið	Aukin þátttaka íbúa af erlendum uppruna í samfélagnum á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlunir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Haldnir verði reglulegir „kaffihúshittingar“ í raunheimum og/eða á netfundum. Ákveðin þemu verði í hverjum hittingi og gestum boðið að koma inn með fræðslu í takt við þau. Jafnframt gefið tækifæri til að spyrja um þau atriði sem á þátttakendum brenna, svo sem um óskráðar reglur og venjur samfélaganna sem erfitt getur verið að læra á. Einnig verði aukin áhersla lögð á þýðingu efnis sem birt er á miðlum samtakanna.
Málaflokkur	Málefni innflytjenda – innanríkisráðuneytið. Félagsmál – félags- og vinnumálaráðuneyti. Heilbrigðismál – heilbrigðisráðuneytið. Málefni barna – mennta- og barnamálaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	SSNV og verkefnastjóri.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélögin, Fjölmeningarsetur.
Tengsl við sóknaráætlun	Í kaflanum um menntamál- og lýðfræðilega þróun er fjallað um mikilvægi þess að styðja við aðlögun og auka þátttöku erlendra ríkisborgara í atvinnu- og menningarlífi svæðisins.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi „hittinga“ sem haldinn verður og fjöldi þátttakenda.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins verður fyrst og síðast aukin þátttaka íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu. Eykur það líkur á að þeir festi hér búsetu, skapi sér atvinnutækifæri og eigi hér gott líf. Samfélögin í landshlutanum verða um leið færari í að taka á móti fólki af erlendum uppruna sem má, ef marka má spár um þörf á vinnuafla á komandi árum, reynast mikilvægt.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2022 – 31. desember 2023
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Árið 2022: 2.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2022: 1.019.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlunir (ef við á)	Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur eftirfarandi fram: <i>Þátttaka fólks af erlendum uppruna eykur fölbreytileika, eflir íslenskt samfélag og menningu og er ein forsenda fyrir vexti efnahagslífsins. Tryggja þarf að innflytjendur sem hér vilja búa og starfa fái tækifæri til aðlögunar og geti nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu.</i>

Mælikvarðar árangurs Sóknaráætlunar SSVN 2020-2025



Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun

Mælikvarði

Fjöldi gistinguátta
Fjöldi ferðamanna
Fjöldi ferðamanna utan háannar
Fjöldi sprotafyrirtækja
Fjöldi atvinnutækifæra
Meðallaun

Fjöldi gesta sem sækja matarhátíðir
Fjöldi menningar- og listviðburða
Fjöldi starfa í skapandi greinum
Hlutfall veltu skapandi greina í landshlutanum

Hlutfall úrgangs sem er urðaður
Hlutfall úrgangs sem er enduruninn
Kolefnisfótspor
Nýskráningar "grænna" bifreiða

Heilsársstörf við rannsóknir
Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf
Alþjóðlegar styrkveitingar og samstarfsverkefni
Fjöldi íbúa

Markmið fyrir 2025

Aukist um 20%
Aukist um 30%
Aukist um 35%
Aukist um 10 til ársins 2025
Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið
Hækki í samræmi við landsmeðaltal

Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið
Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið
Aukist 10%
Hækki um 10%

Í takt við opinber markmið
Í takt við opinber markmið
Lækki um 5%
Verði 50%

Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið
Hækki í 70%
A.m.k. 10 á tímabilinu
Fjölgi í takt við landsmeðaltal

Gögn

Hagstofa Íslands
Ferðamálastofa
Ferðamálastofa
RSK
RSK
RSK - Byggðastofnun

SSNV talning
SSNV talning
RSK
Fyrirtækjakönnun

Stekkjjarvík
Stekkjjarvík og sveitarfélög
Greining á vegum SSVN
Hagstofa Íslands

RSK
Byggðastofnun / Hagstofa
SSNV talning
Hagstofa Íslands

